



Sveitarfélagið Árborg

Skipulagslýsing

Iðnaðarlóð Fossnesi

Deiliskipulag og aðalskipulagsbreyting
Ágúst 2025



LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Helstu viðfangsefni og markmið.....	3
3	Staðhættir og forsendur	3
3.1	Skipulagssvæðið	3
3.2	Vegir og aðkoma.....	4
3.3	Fornminjar	4
3.4	Náttúrufar.....	6
3.5	Náttúruvernd.....	7
3.6	Vatnshlot	7
4	Tengsl við aðrar áætlanir.....	8
4.1	Landsskipulagsstefna.....	8
4.2	Aðalskipulag Árborgar 2020-2036.....	8
4.3	Deiliskipulag.....	9
5	Matslýsing.....	10
6	Skipulagsferlið, umsagnaraðilar, kynning og samráð.....	11

1 Inngangur

Um er að ræða skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og nýtt deiliskipulag í landi Fosness, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær til um 10,6 ha lands sem nær yfir tvær lóðir Sláturfélagsins. Annars vegar er um að ræða lóð sláturhússins, sem er 9,6 ha að stærð og hins vegar lóð Bjargs, sem er um 1 ha að stærð.

Innan skipulagsreits er að finna verslunar- og þjónustureit (VP5), iðnaðarsvæði (I2) og opið svæði (OP1) sem er útivistarsvæði meðfram Ölfusá en nær inn á báðar lóðir Sláturfélagsins. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun.

Með skipulagslýsingu þessari er almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar er varða nýtt deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi Árborgar á fyrstu stigum skipulagsgerðarinnar.

2 Helstu viðfangsefni og markmið

Sláturfélag Suðurlands hyggst byggja nýja afurðastöð vestan og norðan við núverandi sláturhús. Núverandi byggingarmagn skv. fasteignaskrá er um 4.565 m² og er gert ráð fyrir að stækkunin geti orðið allt að 6.000 m² þar sem 2000-2500 m² verða byggðir í fyrsta áfanga. Á lóð Bjargs eru núverandi starfsmannahús og er gert ráð fyrir fjölgun þeirra. Núverandi aðkoma að báðum lóðum er frá Suðurlandsvegi en í tengslum við nýja afurðastöð er lagt til að aðkoma að lóð sláturhússins verði frá Nesmýri og núverandi aðkoma frá Suðurlandsvegi verði lögð af, sem er í samræmi við tilmæli Vegagerðarinnar. Áfram er gert ráð fyrir óbreyttri aðkomu að lóð Bjargs.

Núverandi húsnaði sláturhússins er komið til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Markmið með nýrri afurðarstöð er að bæta aðbúnað við slátrun stórgripa og setja upp flæðilínur, sem ná allt frá móttöku stórgripa og sauðfjár til grófhreinsunar (1. og 2. þrep) frárennslis. Markmiðið með nýrri afurðastöð er jafnframt að auka hráefnanýtingu svo minni losun lífrænna efna verði frá stöðinni.

Í deiliskipulagi verður auk byggingaráforma gerð grein fyrir hreinsun og hreinsibúnaði frá afurðastöð og nýju hreinsivirki.

Auk nýs deiliskipulags, kalla fyrirhugaðar framkvæmdir á breytingu Aðalskipulags Árborgar 2020-2036 þar sem breyta þarf landnotkunarreitum til samræmis við núverandi og fyrirhugaða notkun. Helstu breytingar eru þær að reitur I2 stækkar til vesturs svo hann nái yfir áformaðan byggingarreit. Ekki liggur fyrir hvaða landnotkun verður valin fyrir starfsmannahúsin, en þar er núna blönduð landnotkun.

3 Staðhættir og forsendur

3.1 Skipulagssvæðið

Fosnes er staðsett vestan við núv. Suðurlandsveg við aðkomu inn í þéttbýli Selfoss. Sláturfélag Suðurlands hefur um áratugaskeið rekið starfsemi sína innan lóðar á skipulagssvæðinu. Utan skipulagsreits, meðfram Suðurlandsvegi eru bílasölur, bensínstöðvar og hópílaþjónustan Guðmundur Tyrfingsson ehf.

Skipulagssvæðið nær yfir lóð Sláturfélagsins þar sem núv. sláturhús er starfrækt og lóð Bjargs (L162961) þar sem starfsmannahús Sláturfélagsins eru staðsett. Rétt utan deiliskipulagsmarka er veiðihús Veiðifélags Selfoss sem er staðsett við eitt gjöfulasta veiðisvæði árinna, Stóllinn (neðra svæði).



Mynd 1. Yfirlitsmynd úr þrívíðu módeli Google Earth, séð til norðurs. Rauð brotin lína sýnir gróf mörk skipulagsreits

Núverandi byggingarmagn innan deiliskipulagsreitsins er samtal 4.643,6 m² skv. fasteignaskrá og þar af er 4.565,2 m² innan lóðar sláturhússins. Elsta hús sláturfélagsins er frá 1946 en önnur hús eru byggð síðar í kringum 1970-1977 og síðustu viðbyggingar eru frá 2013. Íbúðarhúsið Bjarg er frá 1941 en önnur starfsmannahús frá 2023. Þar sem nýju starfsmannahúsin standa í dag, var áður verbúð fyrir starfsfólk, sem var rifin á árunum 2014-2017.

3.2 Vegir og aðkoma

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá núv. Suðurlandsvegi, þjóðvegi 1 sem liggur gegnum Selfoss. Núverandi Suðurlandsvegur verður áfram þjóðvegur í þéttbýli eftir færslu þjóðvegur 1 um nýja Ölfusárbrú. Ávallt er leitast við að fækka tengingum inn á þjóðvegi í þéttbýli og er lagt til að ný aðkoma að iðnaðarlóð SS verði frá Árbæjarvegi (vnr.3710) um nýja götu, Nesmýri. Núverandi vegtenging heim að Bjargi, starfsmannahúsum og veiðihúsi verður óbreytt.

3.3 Fornminjar

Innan skipulagsreits er að finna 5 minjar skv. deiliskráningu í landi Fossness í Árborg, frá október 2006. (Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise. 2006. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Fossness í Árborg. Byggðasafn Árnesinga) og tilheyra þær jörðinni Helli. Þar var byggð allt til ársins 1930.

Hellir 182356 489 – 9 „Tóftin í Fossnesi er að öllum líkindum fjárhústóft frá Fossnesbænum frekar en bærinn sjálfur, nema að tóftin hafi nýst bæði sem íbúðarhús og fjárhús í gegnum aldirnar. Tóftin er nokkuð stór, mjög vel greinileg og stendur hærra en túnið í kring. Hún er vel gróin og að litlu leyti er góðurinn öðruvísi á tóftinni en í umhverfinu í kring. Tóftin sýnir tvö rými, nokkuð stór og áfast rými að aftan sem liggur þvert á hin tvö og gæti verið hlaðan. Tóftin er lengst um 22m og breiðust um 13.5m og er þá meðtalið hrun úr veggjum.“

Hellir 182356 489 – 10 „Tóftin samanstendur af tveimur litlum hólfum og eru óljósar hleðslur í kring. Innanmál stærra hólsins er 2 1/2 x 2 1/2. Minna hólfið er 1 1/2 x 1 1/2 m að innanmáli. Tóftin er í brekku og hefur þrjá útveggi en brekkan myndar fjórða vegginn. Tóftin hefur líklega verið lambhús.“

Hellir 182356 489 – 11 „Tóftin er mjög ógreinileg en þó greinilega gerð af manna höndum og er hæðsti hleðslubútur um 40 cm á hæð.“

Hellir 182356 489 – 12 „Tóftin samanstendur af óljósum veggjarbrotum sem eru mikið sokknar. Gróður bendir sterklega til tófta og sýnir hann hólft tóftarinnar. Að öllum líkindum var þetta bær enda bæjarstæði gott, og rökrétt miðað við nálægð við Ölfusá og velja sér þarna bæjarstæði. Allar aðrar tóftir í Fosnesi standa líka á hólum. Þetta er líklega mjög forn bær miðað við hve óljósar hleðslurnar eru.“

Hellir 182356 489 – 13 „Tóftin er 6x3m að utanmáli og mjög gróin, engin munur er á gróðrinum í kring og á tóftinni sjálfri. Hleðslur standa um 40 cm upp úr jörðinni. Það virðist vera leifar húss í norðri og á milli þess og fjárhússins [182356-489-3] er rétt.“

Engin af ofangreindum minjum er friðlýst og verður leitað umsagnar Minjastofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda, sem munu hafa áhrif á minjarnar.



Mynd 2 –Staðsetning skráðra fornleifa skv. fornleifaskráningu.

3.4 Náttúrufar

Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands sýnir ýmsar vistgerðir en til einföldunar er gróðurfari skipulagssvæðisins og nærliggjandi umhverfis skipt á eftirfarandi hátt:

1. Mikið raskað land innan iðnaðarsvæðis og undir starfsmannahúsum.
2. Akurlendi, gamalt tún.
3. Árbakki Ölfusár
4. Ósnert land og gamalt tún, aðallega vallendi, með trjágróðri vestast.
5. Mýrlent svæði



Mynd 3 – Yfirlitsmynd helstu gróðurflokka.

Hafa ber í huga að vistgerðakort er sett fram í mælikvarðanum 1:25.000 og því geta verið frávik milli kortlagningar og vistgerða á skipulagssvæðinu. Um litlar sem engar breytingar á vistgerðum verður að ræða vegna skipulagsáforma, en það er aðallega ræktað land, tún, sem mun verða fyrir áhrifum.

Verkfræðistofan Verkís framkvæmdi jarðvegskönnun í apríl og maí 2025. Helstu niðurstöður eru þær að í mýrlendinu mældist mýrarjarðvegur 3,8-6,4 m að þykkt og há grunnvatnsstaða. Í graslendinu eru þurrlandisjarðlög ofan á sand- og malarlögum sem líklega eru burðarhæf. Skýrslan verður nýtt við áframhaldandi vinnu við ákvörðun á staðarvali og hönnun mannvirkja. Skv. sprungukorti ÍSOR má sjá misgengi með SV-NA stefnu sem hugsanlega ná inn á lóð Sláturfélagsins. Rannsókn á þessum ætluðu misgengjum hefur ekki leitt neitt í ljós en niðurstaða liggur ekki endanlega fyrir.

3.5 Náttúruvernd

Engir hlutar skipulagssvæðisins eru á náttúruminjaskrá né eru þar jarðminjar sem falla undir lög um náttúruminjar. Skv. 62. gr. laganna skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn, leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

3.6 Vatnshlot

Meðfram suðurmörkum skipulagssvæðisins rennur Ölfusá, sem flokkast undir ferskvatn í flokki V2.3 Ár á yngri berggrunni. Verndargildi er talið miðlungs.

Undir stjórn vatnamála á Íslandi falla svokölluð Vatnshlot (sjá Reglugerð um vatnshlot nr. 535/2011). Vatnshlot eru grunneiningar og forsenda allrar stjórnunar vatnamála. Öllu vatni (bæði yfirborðs- og grunnvatni) er skipt upp í vatnshlot byggt á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum. Sú skipting er óháð stjórnsýslumörkum.

Vatnaáætlun fyrir Ísland 2022-2027, felur í sér flokkun og greiningu vatnshlota. Skilgreindir áhættuflokkar fyrir vatnshlot eru m.a. álag vegna skólps og fráveitu, álag frá þéttbýlismyndun og álag vegna landeldis og sjókvíaldis.

Vatnshlottið sem hér um ræðir hefur skráð álag vegna skólps og fráveitu með athugasemd : „Skólp frá Selfossi 17000 pe. Eitt sláturhús. Ein mjólkurvinnsla. Heimildir: Umhverfisstofnun 2017. Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014, (3. útg.). Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Umhverfisstofnun, 2013.“

Einnig er skráð álag vegna þéttbýlismyndunar, þar sem athugasemd segir : „Sorpurðun að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi.“.

Ölfusá 1 er með vatnshlotanúmer (ID)103-975-R og vatnsflokkinn „Straumvatn“ sbr.; <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-975-R>



Mynd 4 – Vatnasvið Ölfusár 1, úr kortasjá Vatnamála.

4 Tengsl við aðrar áætlanir

4.1 Landsskipulagsstefna

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á afmörkun iðnaðarsvæðis Sláturfélags Suðurlands á Selfossi innan þéttbýlismarka. Framkvæmdin fellur að meginmarkmiðum um skipulag í þéttbýli skv. Landsskipulagsstefnu 2024–2028 á eftirfarandi hátt:

- **A.3: Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg.** Mörkuð verður stefna um varðveislu núverandi mýrar innan skipulagssvæðisins.
- **B.10 Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.** Mörkuð verður stefna þar sem áhersla er lögð á endurbætur fráveitumála.
- **C.6. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.** Mörkuð verður stefna um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis sem tekur mið að þörfum samfélagsins til framtíðar.

4.2 Aðalskipulag Árborgar 2020-2036

Í gildandi Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 er innan skipulagssvæðisins sem áður sagði verslunar- og þjónustusvæði (VP5) og iðnaðarsvæði (I2) auk Opins svæðis (OP1).



Mynd 5 – Úr Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Skipulagssvæðið er sýnt með rauðri brotalínu

Svæðin eru skilgreind eftirfarandi :

I2 : Fossnes. Ekkert deiliskipulag er í gildi, innan reitsins er starfsemi Sláturfélags Suðurlands. Nýtingarhlutfall er allt að 0,3, heimiluð er frekari uppbygging í samræmi við nýtingarhlutfall.

VP5 : Bjarg. Á svæðinu er veiðihús, Deiliskipulag í gildi, nýtingarhlutfall á bilinu 1,0-2,5.

I15 : Hreinsistöð SS. Heimild fyrir hreinsistöð fráveitu frá SS. Heimilt er að byggja þau mannvirki sem þarf til að fráveita sé með fullnægjandi hætti.

OP1 : Opin græn svæði víðsvegar á Selfossi. Náttúrusvæði sem nýtt eru til útivistar, s.s aðstöðu fyrir hjólandi, gangandi og sem leiksvæði fyrir börn.

Fyrirhuguð breyting gerir ráð fyrir:

I2 : Útmörk reits I2 breytast svo þau nái yfir byggingarreit og athafnasvæði nýrrar afurðarstöðvar.

VP5 : Reitur VP5 verður endurskoðaður, þannig að hann nái annað hvort eingöngu yfir veiðihúsið eða stækki og nái einnig yfir lóð Bjargs.

I15 : Skilmálar breytast þannig að um almenna hreinsistöð verður að ræða og staðsetning gæti breyst.

OP1 : Útmörk OP1 verða aðlöguð nýjum mörkum I2 og VP5.

4.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir sjálfa lóð Sláturfélagsins en nýtt Deiliskipulag Fossness og Mýra, sem samþykkt var fyrr á árinu, nær að deiliskipulagsmörkum Sláturfélagsins.

Í nýju deiliskipulagi Sláturfélagsins verður gert ráð fyrir eftirfarandi uppbyggingu innan skipulagsreitsins:

- Stækkun afurðastöðvar í framhaldi af núverandi sláturhúsi. Einn stór byggingarreitur verður skilgreindur fyrir núverandi og ný hús. Viðbótar byggingarmagn er áætlað um 6.000m² þar sem um 2.000-2.500 fara í fyrirhugaða stækkun á afurðarstöðinni og það sem eftir er verður nýtt fyrir framtíðarstækkun. Það svarar til nýtingarhlutfalls 0,11, sem er mun minna en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir.
- Fjölgun starfsmannahúsa á lóð Bjargs. Núverandi samanlagt byggingarmagn á lóðinni er skv. fasteignaskrá 796,4 m². Gert er ráð fyrir að það aukist um rúmlega 500 m² og verði samanlagt 1.300 m², sem samsvarar nýtingarhlutfalli 0,12.
- Tveggja þrepa hreinsivirki á lóð Sláturfélagsins.

Við deiliskipulagsgerð verður tekin afstaða til þess hvort breyta þurfi innbyrðis lóðarmörkum milli lóðar sláturhússins og Bjargs. Í deiliskipulaginu verður lögð rík áhersla á að koma fyrir betri hreinsivirkjum grófhreinsunar auk þess að auka hráefnanýtingu Sláturfélagsins og þannig minnka losun lífrænna efna frá stöðinni. Val og hönnun hreinsivirkja verður gerð í samráði við Sveitarfélagið Árborg og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, auk annarra stofnana sem koma að leyfisveitingu starfsleyfis.

Mörkuð verður stefna um umhverfisfrágang, s.s. girðingar, skjólbelti, gróður og stíga í deiliskipulaginu.

Í nýsamþykktu deiliskipulagi Fossness og Mýra eru ýmsar forsendur varðandi tilfærslu Suðurlandsvegar og breytingar á gatnakerfi, sem taka þarf tillit til við gerð nýs deiliskipulags Sláturfélagsins.



Mynd 6 – Úr frumdrögum að deiliskipulagi, byggingarreitir sýndir með hvítri, brotinni línu.

5 Matslýsing

Fyrirhugaðar framkvæmdir sem fela í sér stækkun sláturhúss/afurðastöðvar falla undir flokk 7.06 í viðauka 1 með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar segir að bygging sláturhúsa með gólfhlöt sem sé a.m.k. 1.000m² falli undir flokk B. Í flokki B eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdin er þar af leiðandi tilkynningarskyld.

Með nýju deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingu verður unnið mat á umhverfisáhrifum skipulagsins, samhliða því að unnin verður tilkynning um hugsanlega matsskyldu.

Mat á umhverfisáhrifum byggir á fyrrnefndum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Helstu áhrifaþættir skipulagsins sem gætu haft með sér umhverfisleg áhrif eru:

- Aukið byggingarmagn. Um stóra iðnaðarbyggingu er að ræða, sem verður mjög áberandi í umhverfinu.
- Eðli fyrirhugaðrar starfsemi, sem er afurðastöð.
- Úrgangsefni frá afurðastöðinni
- Hugsanlegt ónæði vegna aksturs, lyktar o.fl.

Helstu umhverfisþættir sem skipulagið er talið geta haft áhrif á eru:

- Sjónræn áhrif í landslaginu. Byggingin verður mjög sýnileg frá kirkjunni og kirkjugarðinum sem eru hinu megin árinna, sem og frá núverandi Suðurlandsvegi
- Ölfusá er viðtaki frárennslis og mun aukin framleiðsla hafa áhrif á viðtakann, nema gerðar séu viðeigandi ráðstafanir í hreinsun úrgangs.
- Menningarminjar. Skráðar fornminjar eru innan fyrirhugaðs byggingareits
- Atvinna og efnisleg verðmæti. Sláturhúsið er stór vinnustaður og starfsemin þjónar landbúnaði í allri Árnessýslu og sinnir nánast allri slátrun stórgripa og sauðfjár fyrir Suður- og Vesturland.

Við mat á umhverfisáhrifum skipulagsins verður m.a. stuðst við eftirfarandi stefnuskjöl, lög og reglugerðir:

- Landsskipulagsstefna
- Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, stefna um iðnaðarsvæði, fráveitu
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Lög nr. 60/2016 um náttúruvernd
- Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála
- Lög nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota
- Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna
- Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
- Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
- Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

6 Skipulagsferlið, umsagnaraðilar, kynning og samráð

Tillaga að breytingu aðalskipulags verður unnin skv. 36. gr. skipulagslaga. Tillaga að deiliskipulagi verður unnið skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga og verður auglýst í blöðum og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins.

- Minjastofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Hafrannsóknarstofnun
- Fiskistofa

– Ýmsar veitustofnanir

Þegar umsagnir og ábendingar liggja fyrir og unnið hefur verið úr athugasemdum, verður lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið og hún auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillaga og aðalskipulagsbreyting verði tekin til kynningar og málsmeðferðar samhliða.

Tímaáætlun, með fyrirvara um breytingar vegna málsmeðferðar:

Skipulagslýsing aðal- og deiliskipulags til kynningar fyrir almenning, send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun.	júní 2025 – ágúst 2025
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags í vinnslu.	ágúst 2025
Deiliskipulagstillaga og aðalskipulagsbreyting til kynningar í skipulagsnefnd og meðal almennings.	sept 2025 – okt. 2025
Sveitarstjórn tekur skipulagstillögur til afgreiðslu og samþykktar til auglýsingar.	sept 2025 – okt. 2025
Skipulagstillögur sendar til lögbundinna umsagnaraðila.	sept. 2025 – okt. 2025
Tillögur í auglýsingu. Athugasemdafrestur 6 vikur. Leitað umsagna umsagnaraðila.	okt. 2025 – nóv. 2025
Samþykktarferli og B-deild.	nóv. 2025 – des. 2025